

Fréttabréf Dropans

mars 2011

1. tbl. 15. árg.

Bingó og fræðslufundur 3. apríl kl.16:30-19:00

Dagsetning: Sunnudagurinn 3. apríl kl. 16:30-19:00.
Staður: Hús Fimleikafélagsins Bjarkar, Haukahlæði 1, Hafnarfirði.
Dagskrá: Ragnar læknir fjallar um það nýjasta í heimi sykursýkinnar.

Bingó að hætti Dropans.
Gaman væri ef sem flestir gætu komið með vinninga til að setja í púkk ☺

Veitingar í boði Dropans.
Vinsamlegst sendið upplýsingar um fjölda þátttakenda á netfangið dropinn@internet.is fyrir 1. apríl.

Sumarbúðir – júní 2011 fyrir 8–13 ára börn, fædd 1998-2003. Skráning hefst núna!

Sumarið 2011 verða sumarbúðir eins og áður, að Löngumýri í Skagafirði 12.-16. júní, fyrir börn 8–13 ára, fædd 1998-2003. Frá og með útgáfu þessa fréttabréfs hefst skráning. Búast má við mikilli aðsókn í. Skráið ykkur því sem fyrst til þátttöku. Umsóknin þarf að innihalda nafn barns og kennitölu, nafn móður og/eða föður, netfang og símanúmer.

Skráning hjá Þórunni Árnadóttur, s:421 3746, thorunn.arnadottir@isavia.is Þátttökugjald í sumarbúðirnar er 20.000 kr. Samtök sykursjúkra niðurgreiða gjaldið um helming eftir á.

Unglingabúðir - júní 2011 fyrir unglinga 14-18 ára, fædda 1997-1993. Skráningin hefst núna! Lokadagur skráningar er 27. mars.

Þá er komið að utanlandsferðinni. Við ætlum til Svíþjóðar þar sem við munum vera nokkra daga á skólaskipi og sigla um í fallegu umhverfi og sléttum sjó. Við verðum hásetar um borð og hjálpum þar til og skemmtum okkur. Eitthvað fleira skemmtilegt verður einnig gert í þessari ferð. Stefnt er á að fljúga til Gautaborgar þann 13. júní og fljúga heim í gegnum Kaupmannahöfn þann 18. júní. Nánari dagskrá og ferðatilhögun verður send út síðar á þátttakendum.

Búast má við mikilli aðsókn. Skráið ykkur því sem fyrst til þátttöku. Umsóknin þarf að innihalda nafn unglings og kennitölu, nafn móður og/eða föður, netfang og símanúmer.

Skráning hjá Þórunni Árnadóttur, s:421 3746, thorunn.arnadottir@isavia.is Þátttökugjald í sumarbúðirnar er 30.000 kr. Samtök sykursjúkra niðurgreiða gjaldið um helming eftir á.

Sjá nánar heimasíðu skólaskipsins: www.ffs.nu